

Mánudaginn 2. nóvember 1987.

Nr. 108/1986.

Húsgagnaverslun

Axels Eyjólfssonar hf.

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Boga Helgasyni og gagnsök

(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sýkna. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1986. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málin og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. desember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum 906.028,00 krónur með eftirfarandi vöxtum: *Aðallega* með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til 27. október 1987, dagsetningar útreiknings á örorkutjóni, þ.e. með 35% ársvöxtum frá slysdegi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október sama ár, 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember sama ár, 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember sama ár, 21,5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst sama ár, 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 31. desember sama ár, 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 10. maí sama ár, 22% ársvöxtum frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% ársvöxtum frá 1. mars 1986 til 31. sama mánaðar, 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl sama ár, 12% ársvöxtum frá 1. maí 1987 til 20. júní sama ár, 13% árs-

vöxtum frá 21. júní 1987 til 10. júlí sama ár og 15% ársvöxtum frá 11. júlí 1987 til 27. október sama ár, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til 27. nóvember 1987 og með dráttarvöxtum þeim, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til 27. október 1987, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. október 1982 og gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi 4. maí 1987.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Aðaláfrýjandi hafði ráðið húsasmíðameistara, sem hafði áskilin réttindi, til að annast og stjórna trésmíðavinnu við hús það, sem aðaláfrýjandi var að reisa, eins og lýst er í héraðsdómi. Húsasmíðameistari þessi áritaði teikningar, réð smíði til starfa og hafði á hendi umsjón með verkinu að öðru leyti og verkstjórn. Greiddi aðaláfrýjandi honum sérstaklega þóknun fyrir þessi störf. Kröfur sínar í málinu reisir gagnáfrýjandi á því, að smíði vinnupalls við umrætt hús aðaláfrýjanda hafi verið áfátt. Það verk var á starfssviði húsasmíðameistarans og samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitenda á mistökum starfsmanna sinna ber aðaláfrýjandi ekki fébótaábyrgð á þeim frágangi handriðs á vinnupallinum, sem kröfur gagnáfrýjanda eru reistar á. Er og með öllu ósannað, að verkfræðingur á vegum aðaláfrýjanda hafi átt að hafa eftirlit með þessum þætti verksins, svo sem haldið var fram af hálfu gagnáfrýjanda við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmans, 90.000,00 krónur.

Aðaláfrýjandi, Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Boga Helgasonar í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknar- og málsvarnarlaun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmans, 90.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 23. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ.m., að undangengnum munnlegum málf lutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Boga Helgasyni húsasmið nnr. 1371-6544, Birkigrund 35 hér í bæ, með stefnu útgefinni 24. nóvember 1982 og framhaldsstefnu 29. nóvember 1985 gegn Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar h/f nnr. 0907-9580 Smiðjuvegi 9 í Kópavogi og eru endanlegar dómkröfur stefnanda að framhaldssök sameinaðri aðalsök, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.400.000,00 með 35% ársvöxtum frá 2. október 1980 til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember, en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 25. október 1982 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst sýknu í báðum sökum af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skjölum og gögnum eru tildrög máls þessa þau, að stefnandi, sem er húsasmiður að iðn, starfaði haustið 1980 við smíði nýbyggingar, sem stefndi var að láta reisa að Smiðjuvegi 9 í Kópavogi. Hann hafði verið ráðinn í þessa vinnu af Lofti Páli Bjarnasyni, sem var skráður húsasmiðameistari byggingarinnar og sá um trésmiðapáttinn og

verkstjórn á því, er honum við kom. Stefnandi þá verklaun sín beint frá stefnda.

Fimmtudagsmorguninn 2. október 1980 um kl. 10 var stefnandi við störf sín uppi á vinnupalli í um fjögurra metra hæð frá gólfi byggingarinnar ásamt Lofti Páli og Sigurði V. Guðjónssyni trésmið, en þeir ætluðu að rétta af límtrésbita, sem komið hafði verið fyrir daginn áður. Var stefnandi að reyna að losa stífu af bitanum og beitti við það klaufhamri sínum. Snéri hann baki að handriði vinnupallsins, er hann tók á hamri sínum báðum höndum, til þess að losa naglana sem héldu stífunni, en hún var ofan á bitanum í um 170 cm hæð frá gólfi vinnupallsins. Skyndilega skrapp hamarinn af og skipti þá engum togum, að stefnandi missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig og yfir handrið pallsins niður á gólf byggingarinnar um fjögurra metra fall. Slasaðist stefnandi alvarlega og er hann talinn hafa hlotið af 20% varanlega örorku. Hann var fluttur í sjúkrahúsið á slysa-deild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar skurðlæknis á Slysadeild Borgarspítalans dagsettu 12. febrúar 1981 segir m.a. svo: „Þ. 2/10 1980 kl. 10:55 var maður fluttur á Slysadeildina, er kvaðst vera fyrrgreindur Bogi. Hann skýrði svo frá, að hann hefði skömmu áður verið að vinnu sinni við byggingu á húsi við Skemmuveg í Kópavogi, er hann féll niður ca 4 m af stillans.

Bogi kvartaði einkum um sársauka í vi. úlnlið og einnig á vi. nárasvæði.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós. Bogi var föflur og þjáður en ekki með loseinkenni að öðru leyti. Hann var vel vakandi og áttaður.

Skoðun leiddi a.ö.l. í ljós að vi. úlnliðssvæði var afmyndað og mjög aumt og greinileg brot þar. Eymsli voru einnig í vi. nára. Vi. megin í enni hans var allstór, upphleyptur marflekur.

Röntgenmyndir voru teknar af höfuðbeinum og andlitsbeinum og var ekki hægt að sýna fram á brot þar. Þá voru myndir teknar af vi. framhandlegg og úlnlið. Sýndu þær mjög kurlað brot á fremri enda sveifarbeins (radius). Var liðflöturinn á beinendanum mikið kurlaður og úr skorðum færður, þannig að hálfgildings liðhlaup var í úlnliðnum. Auk þess var fremsti þriðjungur beinsins brotinn í fleyga.

Röntgenmyndir voru teknar af mjaðmargrind og mjaðmarliðum. Á þeim sást brot á efri álmu vi. lífbeins og sprunga var einnig á mótum neðri álmu lífbeinsins og setbeinsins. Nokkurt misgengi var í efra brotinu.

Sjúkl. var lagður inn á Slysadeildina og að nauðsynlegum undirbúningi loknum var samdægurs gert að brotinu á vi. úlnliðssvæði. Var það gert með þeim hætti, að stálteini var stungið annars vegar í gegnum annan handarbakslegginn og hins vegar gegnum sveifarbeinið ofan við brotsvæðið. Brotin á sveifarbeininu og liðhlaupið í úlnliðnum var síðan fært í

skorður án þess að opnað væri inn á brotið en ekki var talið heppilegt að reyna að spengja beinið sakir þess hve mjög það var kurlað. Gipsumbúðir voru síðan lagðar á handlegginn upp fyrir olnboga og stálteinarnir, sem stóðu nokkuð út úr húðinni, voru steyptir inn í gipsið og þannig haldið nokkru togi á brotinu.

Röntgenmyndir eftir á sýndu góða stöðu í brotfleygunum ofan við úlnliðinn og í heild þökkalega stöðu í úlnliðnum sjálfum. Hins vegar var liðflöturinn á fremri sveifarendanum nokkuð stöllóttur. Við því varð þó ekkert gert, þar sem beinið var þarna í smáfleygum. Grisju-umbúnaður var hafður á handleggnum í 4 vikur en þá fjarlægður enda voru brotin þá orðin nægilega traustlega gróin til þess að þau þörfnuðust ekki lengur ytri né innri stuðnings.

Vegna mjaðmargrindarbrotsins var sjúkl. látinn liggja í rúminu í mánuð. Hann hafði tiltölulega lengi allveruleg óþægindi frá brotinu við hreyfingu í rúminu. Auk þess lék nokkur grunur á að eitthvert los hefði orðið á festingunni milli spjaldhryggs annars vegar og mjaðmargrindarinnar. Fram á þetta varð þó aldrei sýnt með vissu.

Þann 7/11 fluttist Bogi af Slysadeildinni á Endurhæfingardeild Bsp. á Grensási. Hann var þá farinn að ganga nokkuð um í göngugrind. Hreyfingar í vi. úlnlið voru mjög stíðar og hreyfingum í fingurliðum á vi. hendi var einnig mikið áfátt.

Ekki er ólíklegt, að með tíð og tíma komi fram slitbreytingar og eymsli í úlnliðnum, sem leiða kunna til þess að rétt verði talið að festa hann síðar. Ekki er ljóst hvað veldur smellunum í mjaðmarlið og kann þar að vera áverki á brjósk, þótt ekki sjáist slíkt á röntgenmyndum. Endanlegar afleiðingar slyssins eru þannig ekki fyrir séðar.“

Í vottorði sama læknis dagsettu 30. ágúst 1981 segir svo í niðurlagi: „Eftir heimför kom Bogi til eftirlits á Slysadeildina þ. 14/1 1981. Hann kvaðst þá hafa reynt að sinna lítið eitt létttri vinnu heima við, m.a. í æfingaskyni. Hann var sjálfur ánægður með framfarir í vi. hendi, þó kvaðst hann fá þreytuverk í vi. úlnlið, ef hann reyndi að taka verulega á með hendinni. Hann nefndi einnig, að hann fyndi stundum smelli í vi. mjöðm er hann reis á fætur í sitjandi stöðu en því fylgdi ekki sársauki.

Reiknað var með, að Bogi reyndi aftur að hverfa til sinna fyrri starfa um miðjan feb. Heppilegast þótti þó, að hann reyndi að útvega sér smíðavinnu innanhúss, þar eð ekki var gert ráð fyrir, að hann yrði þá enn fær til þess að klifra í stillönsum eða vinna úti í kalsaveðri. Þá var gert ráð fyrir því, að Bogi kæmi til eftirlits á Slysadeildina er hann hefði fengið nokkra reynslu af nýtigetu handarinnar í starfi sínu.

Bogi leitaði ekki oftast til Slysadeildarinnar. Hann var hins vegar lagður inn á Skurðl.deild Bsp. þ. 2/8 sl. og liggur þar enn. Ástæðan er gallvega-

og bris-sjúkdómur, sem ósennilegt má telja að tengist slysinu í okt. sl. Ástæður þessa sjúkdóms munu þó ekki full-rannsakaðar.

Undirritaður skoðaði Boga þ. 24/8 sl. m.t.t. áverkanna, er hann hlaut í okt. sl.

Aðspurður kvaðst hann hafa tekist að fá starf við innréttingavinnu um miðjan feb. sl. og hafa sinnt því starfi þar til hann veiktist nú í sumar. Hann kvaðst hafa unnið skv. tímavinnutaxta og hafa sjálfur getað ráðið ýmsum þáttum í vinnu sinni, auk þess sem hann kvað samstarfsmenn sína hafa stundum hlaupið undir bagga með sér. Hann kvað nýtigetu handarinnar hafa jafnt og þétt farið batnandi og síðustu mánuðina hefði hann ekki átt við teljandi vandkvæði að stríða í starfi sínu. Hann kvað grip vi. handar þó vera enn talsvert veiklað og hann ætti erfitt með að halda á þykkum og þungum plötum með hendinni. Lítillega kvaðst hann þreytast í úlnliðnum, er á daginn liði en yfirleitt þó ekki finna til verkja þar. Hann taldi hins vegar, að vi. hendi myndi ekki þola álag og vinnuhraða, er fylgdi uppmælingarvinnu, þ.e.a.s. hann væri ekki gjaldgengur í vinnuflokk, er starfaði eftir því launakerfi. Af þessum sökum kvað hann tekjur sínar hafa verið mun minni eftir að hann hóf aftur störf í feb.mánuði en þær höfðu verið fyrir slysið.

Skoðun handarlímsins þ. 24/8 leiddi eftirfarandi í ljós: Hreyfingar í öðrum liðum en úlnlið voru eðlilegar. Úlnliðshreyfingar voru einnig langt til eðlilegar, þó vantaði 15 á sveigju í ölnarátt og sveifarátt (ulnar deviatio et radial deviatio). Örfáar gráður vantaði einnig á hverfihreyfingu fram-handleggsins. Aðrir hreyfiferlar voru nánast eðlil. Ekki var sýnileg vöðvarýrnun á handleggnum og gripstyrkur vi. handar var, við lauslega prófun, ekki áberandi minnkaður. Eymsli virtust ekki vera á úlnliðnum.

Röntgenmyndir teknar af úlnliðnum sýndu nokkuð ójafnan liðflöt og eitthvað þrengt liðbil.

Þess er naumast að vænta, að nýtigeta vi. handar aukist úr þessu. Telja má víst, að hendir eða öllu fremur úlnliðurinn, verði til frambúðar viðkvæmur fyrir meiri háttar átaki og öllu hnjaski. Veruleg hætta er á að ótímabærar slitbreytingar komi fram í úlnliðnum vegna skemmda á liðfletinum á sveifarendanum.“

Lögreglurannsókn slyssins hófst samdægurs. Lýsti stefnandi tildrögum þess í skýrslu 23. október 1980 mjög á sömu lund og greinir að ofan. Segir þar m.a., að umrætt sinn hafi verið rigning og allt mjög blautt. Af þeim sökum hafi gólf vinnupallsins verið hálla en annars. Geti verið, að hállan hafi átt þátt í því að hamarinn hafi skroppið af. Í lok skýrslunnar segist stefnandi telja að gerð vinnupallsins sé ekki um að kenna, hvernig farið hafi, heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. Vinnupallurinn hafi verið í góðu lagi að hans áliti og hafi hann sjálfur átt þátt í frágangi handriðsins.

Sigurður V. Guðjónsson trésmiður var eini sjónarvotturinn. Hann lýsir slysinu svo í lögregluskýrslu 14. nóvember 1980:

„Er slysið skeði vorum við að vinna við að rétta af limbitana, sem við höfðum sett upp daginn áður, en sökum birtuleysis höfðu bitarnir ekki sest lóðréttir og var ég að vinna við að rétta einn þeirra af. Það var laski ofan á bitanum og þurfti að fjarlægja hann svo hægt væri að rétta bitann af. Ég bað því Boga um að taka laskann og það var hann að gera, er hann féll. Ég sá hinsvegar ekki aðdragandann að fallinu og get ekkert um það borið. Ég heyrði ekki, er hann datt, en sá hann falla niður eftir að hann var kominn fram yfir handriðið. Hann var þá svo til lóðréttur í loftinu með fæturna á undan sér, en svo smáhallaði hann aftur á bak og féll síðan á steingólfíð.“

Loftur Páll Bjarnason húsasmíðameistari segir í lögregluskýrslu s.d., að hann hafi verið ráðinn af stefnda til að hafa verkstjórn á hendi við bygginguna og sjá um trésmíðavinnuna. Hafi hann ekki verið verktaki heldur verkstjóri. Hann kvaðst ekki hafa séð, er slysið skeði, en heyrði einhvern skruðning og síðan dynk og sá síðan stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu.

Loftur kveðst hafa smíðað vinnupallinn ásamt stefnanda og fleirum og telur að rétt hafi verið að smíðinni staðið, enda væri hún ekki orsök slyssins.

Tilkynnt var samdægurs um slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sem sendi menn á vettvang. Í skýrslu dagsettri 24. september 1981, látinni í té vegna beiðni lögmanns stefnanda, undirritaðri af forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og deildartæknifræðingi við stofnunina, segir m.a. svo:

„Slysið var tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins og vettvangsskoðun framkvæmd samdægurs af eftirlitsmanni stofnunarinnar. Skoðun þessi leiddi til eftirfarandi niðurstaðna varðandi frágang verkpallsins og öryggisráðstafanir á vinnustaðnum:

1. Verkpallurinn var talinn sterkbyggður. Athugun leiddi ekki í ljós að neinskonar bilun í pallinum eða búnaði hans hefði átt sér stað.

2. Handrið verkpallsins var einungis handlisti, en hvorki hné- né fótlisti til staðar. Með tilliti til þeirrar vinnu sem þar fór fram er að mati Vinnueftirlitsins skylt að hafa á honum að minnsta kosti hnélista sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu. Ólíklegt er þó að þessi vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu þar eð slasaða og vitni ber saman um að slasaði hafi fallið yfir handriðið.

3. Hæð handlistans var víðast 90 - 95 cm yfir gólfi verkpallsins. Við limtrésbitann sem unnið var við, á þeim stað sem slasaði fór yfir listann var hæð hans um 80 cm, en listinn lá þar undir limtrésbitann. Samkvæmt 2. gr. staflið a reglugerðar nr. 204/1979 skal handriðshæð vera 1 m yfir gólfi verkpalls og er það ákvæði ófrávíkjanlegt.

4. Gólfklæðningu verkpallsins var verulega ábótavant þar eð a.m.k. tvær borðbreiddir (30 cm) vantaði á að hún næði að uppistöðunum sem handlisti var festur á. Ekkert hefur þó komið fram sem bendir til að þessi vanbúnaður hafi átt þátt í slysinu.

5. Við límtrésbitann hafði verið komið fyrir þverborði ofan á verkpalls-gólfinu sem fest var á uppistöður pallsins. Þverborð þetta var varasamt með tilliti til umferðar um pallinn og samræmdist ekki ákvæðum reglugerðar nr. 204/1972. Ekki kemur fram á gögnum málsins hvort slasaði hafi stigið á borð þetta eða planka sem lagður hafði verið á það, við vinnu sína er slysið átti sér stað eða borð þetta á annan hátt haft áhrif á aðdraganda slyssins.

6. Slasaði var með öryggishjálmi á höfði er slysið átti sér stað.

Það er mat Vinnueftirlits ríkisins að frágangi vinnupallsins hafi verið verulega áfátt hvað öryggissjónarmið varðar. Verður, á grundvelli framburðar slasaða og vitnis, að telja verulegar líkur á því að komið hefði verið í veg fyrir slysið ef ekki hefði verið um þann vanbúnað að ræða sem frá greinir í lið 3 að ofan.”

Stefndi og Loftur Páll Bjarnason húsasmíðameistari hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Lýsa þeir tildrögum slyssins á sama veg og greint er að ofan. Stefnandi tók fram að hann hefði ekki gert sér ljóst fyrr en hann hafi séð ljósmyndir af slysstað, að handriðið þar sem hann datt yfir, var orðið mun lægra en það hafði verið í upphafi, er pallurinn var reistur, en hann hafi verið með í smíði hans. Kvaðst hann ekki hafa átt þátt í að lækka handriðið á þessum kafla og ekki hafa tekið eftir því á sínum tíma.

Loftur Páll Bjarnason kvað handriðið hafa verið lækkað á þessum stað til þess að límtrésbitinn gæti fallið í sæti sitt. Hann kvaðst ekki hafa lækkað handriðið sjálfur og ekki vita hver hefði gert það, en þeir þrír, hann, stefnandi og Sigurður V. Guðjónsson húsasmíður hefðu unnið að þessu verki. Væri algengt í byggingavinnu að vikið væri frá ítrustu öryggiskröfum t.d. í sambandi við vinnupalla, þegar vanir menn væru við störf.

Hann kveðst hafa minnst á það við fyrirsvarsmenn stefnda að séð yrði um það af hálfu fyrirtækisins að allar tryggingar vegna starfsmannanna væru í lagi.

Stefnandi leggur áherslu á það í rökstuðningi sínum, að tildrög og orsakir slyssins, sem málið stafi af séu að fullu upplýst. Beri stefndi á því óskoraða skaðabótaábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni eða nánar tiltekið reglum um húsbóndaábyrgð. Hann hafi verið í starfi hjá stefnda við nýbyggingu hans undir stjórn Lofts Páls Bjarnasonar, sem einnig var launþegi hjá stefnda. Þótt Loftur Páll Bjarnason væri skráður húsasmíðameistari hafi stefndi verið framkvæmdaaðilinn og eigandi nýbyggingarinnar, enda hafi öll efnisútvegum og framkvæmdastjórn verið á hans sjálfs vegum.

Loftur Páll Bjarnason hafi þegið venjuleg laun úr hendi stefnda með einhverjum prósentum ofan á vegna verkstjórnar og þess, að hann hafði skrifað upp á teikningarnar. Það sé því ljóst, að hann hafi alls ekki verið verktaki heldur starfsmaður í þjónustu stefnda.

Hann bendir á, að þótt smíði vinnupallsins hafi verið traust í sjálfu sér hafi verið á henni þeir ágallar, sem valdið hafi slysinu, þ.e. að handrið hafi verið lækkað til muna. Það hafi brotið í bága við ófrávikjanleg ákvæði reglugerðar nr. 204/1972, en þetta atriði sé einmitt hin beina orsök slyssins sbr. fyrirbyggjandi álit Vinnueftirlits ríkisins. Þessi saknæmu mistök að láta lækka áður upp sett handrið á umræddum stað og vanræksla á því að vara sérstaklega við þessu séu af völdum starfsmanna stefnda og sé óvæfengjanlega það, sem orsakaði slysið. Verkstjóra stefnda hafi borið að sjá svo um, að fyllsta öryggis væri gætt í hvívetna við smíði hússins, en á því hafi verið mikill misbrestur svo sem lýst hafi verið. Beri stefndi fulla skaðabótaábyrgð á tjóni því sem slys það leiddi af sér sem varð vegna ofangreindra saknæmra athafna og vanrækslu starfsmanna sinna.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að um nokkra eigin sök hans sjálfs sé að ræða.

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst með því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Hann hafi ráðið löggiltan húsasmíðameistara, Loft Pál Bjarnason, til að annast og sjá um byggingarframkvæmdir af sinni hálfu. Stefndi kveðst eingöngu koma hér við sögu sem eigandi hússins í smíðum. Sem slíkur geti hann ekki að lögum orðið ábyrgðaraðili gagnvart stefnanda, enda séu engin lagaskilyrði til þess, að hann beri hlutlæga bótaábyrgð á slysi því, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Samkvæmt almennum reglum beri skráður byggingameistari ábyrgð á öllum öryggisþáttum í sambandi við framkvæmd verka, sem hann hafi tekið að sér. Þetta komi enn fremur beint fram í byggingasamþykkt Kópavogs og reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu. Verði eigi á þetta fallist sé sýknukrafan á því reist, að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi, mistaka eða vanbúnaðar né nokkurs annars, er hann beri að lögum ábyrgð á til fébóta. Þessu til stuðnings vísar stefndi til framburðar stefnanda sjálfs, Lofts Páls Bjarnasonar og Sigurðar V. Guðjónssonar í rannsókn skömmu eftir slysið.

Verði talið, að slysið megi rekja til einhverra þeirra atriða, sem að ofan greini, þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að við stefnanda sjálfan sé að sakast, að því leyti sem eigi sé um óhappatilviljun að ræða, þannig að hann verði sjálfur að bera tjón sitt.

Fari svo, að sýknukrafan verði eigi tekin til greina, heldur stefndi því fram til vara, að skipta beri sök þannig, að verulegur hluti hennar verði felldur á stefnanda.

Álit dómsins og niðurstaða.

Í samræmi við flutning málsins verður hér á eftir fjallað um báðar sakir í einu lagi og komist að heildarniðurstöðu.

Loftur Páll Bjarnason, sem var skráður húsameistari nýbyggingar stefnda, hefur borið, að hann hafi verið ráðinn til þess að sjá um trésmíðaþátt byggingarframkvæmdanna. Í þessu hafi falist að ráða trésmíði í vinnu og hafa verkstjórn þeirra á hendi. Hafi hann þegið laun úr hendi stefnda, almenn laun trésmíða, með nokkru prósentuálagi ofan á sín eigin laun. Greinir aðila eigi á um þetta né heldur um það, að stefnandi hafi tekið sín laun beint frá stefnda. Þegar þetta er virt og annað það sem upplýst er um samband stefnda og Lofta Páls Bjarnasonar verður að telja, að stefndi hafi átt rétt til þess og kost á því að hafa eftirlit með byggingarframkvæmdunum þ. á m. störfum húsasmíðameistarans, enda ber að líta á stefnda sem framkvæmdaðilann, þann sem allan kostnað bar og þann sem arðs myndi njóta af framkvæmdunum. Þar sem þessu var svo farið var Loftur Páll Bjarnason í stöðu launþega í þjónustu stefnda og háður húsbóndavaldi hans. Verður því sýknukrafa stefnda byggð á aðildarskortri eigi tekin til greina.

Fallast ber á það, sem fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, að verulegar líkur séu á því, að umrætt slys hefði ekki orðið, ef handrið vinnupallsins, þar sem stefnandi var að störfum, hefði verið í þeirri hæð sem tilskilin var. Eru engin gögn fram komin sem hnekkja þessu álitu, en um þetta ber stefndi sönnunarbyrði. Verður því við það miðað, að eigi sé unnt að útiloka, að vanbúnaður vinnupallsins að þessu leyti hafi átt þátt í að slysið varð.

Þótt óhjákvæmilegt væri að lækka handriðið til að koma fyrir límtresbitanum í sæti sitt var eins og á stóð auðvelt að bæta úr og gera öryggisráðstafanir strax. Þar sem það var hvorki gert né gert viðvart um lækkun handriðsins verður það að teljast saknæm og ólöglegt vanræksla af hálfu verkstjórans, Lofta Páls Bjarnasonar, sem bar ábyrgð sem skráður húsasmíðameistari samkvæmt byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem í gildi var, og sérstaklega á öllum öryggisþáttum trésmíðavinnunnar sbr. reglugerð nr. 204/1972, um öryggisráðstafanir við byggingavinnu.

Samkvæmt því sem nú er rakið ber að leggja bótaábyrgð á stefnda vegna þess tjóns sem stefndi varð fyrir af völdum slyssins, en telja verður að orsakir þess megi rekja til yfirsjóunar margnefnds starfsmanns stefnda og sem hann bar vinnuveitendaábyrgð á.

Það er skoðun dómsins byggð á álitu hinna sérfróðu meðdómsmanna, að stefnandi hafi eigi staðið fyllilega rétt að verki umrætt sinn svo sem allar aðstæður voru og þannig sýnt af sér nokkurt gáleysi. Verður að telja, að hann hefði átt að gera sér grein fyrir því, að handriðið hafði verið læk-

að. Telst hann því eiga nokkra sök á því hvernig fór. Verður því lögð á hann sök að 1/3, en stefndi dæmdur til að bæta honum tjónið að 2/3 hlutum.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda eins og hún liggur fyrir, að báðum sökum sameinuðum. Er kröfugerðin í þessu horfi byggð á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 27. f.m. og með vísun til fyrirvara um tilhögun með heimild í 45. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, ef til áfrýjunar skyldi koma, að því leyti sem hún er hærri nefndum útreikningi að viðbætti miskabótakröfu.

Kröfugerðin sundurliðast þannig:

Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 48.100,00
Bætur vegna varanlegrar örorku	kr. 697.900,00
Samtals	kr. 746.000,00
Miskabætur	kr. 100.000,00
Samtals	kr. 846.000,00

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, sem dagsett er 8. nóvember 1981, er í upphafi lýst þeim skýrslum og gögnum sem fyrir liggja og rakið vottorð Rögvalds Þorleifssonar skurðlæknis frá 30. ágúst 1981. Þá segir svo: „Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum hinn 27.10. 1981. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um kraftleysi í vinstri hendi, og raunar í öllum vinstri handlim. Þá kvartar slasaði um að hreyfingar séu skertar í vinstri úlnlið, en raunar einnig um skertar hreyfingar í vinstri axlarlið. Slasaði kveður vinstri hendi vera mjög viðkvæma fyrir kulda og þoli hann þar af leiðandi illa að vinna utan dyra, svo sem hans var vandi áður. Enn tekur slasaði fram, að bólga sígi á vinstri úlnlið, einkum eftir langan vinnudag. Slasaði kveðst ekki hafa önnur óþægindi af mjaðmargrindarbroti því, er hann varð fyrir í nefndu slysi en þau, að bólga vilji síga á fætur að kvöldi dags.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 42ja ára gamlan trésmið, sem hinn 2.10.80 hlaut slæmt brot á vinstri framhandlegg, en einnig brot á bæði neðri og efri álmu vinstra lífbeins. Misgengi var í brotunum á báðum stöðum.

Alveg óvinnufær vegna áðurnefnds slyss er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 2.10. til hins 13.1.81 og fékk hann greidda slysadagpeninga frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þetta tímabil. Eftir það var starfsgeta verulega skert í þrjá mánuði og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að ofan greinir hlaut slasaði slæmt brot um vinstri úlnlið í

nefndu slysi. Á rtg.myndum kom í ljós að liðflöturinn á fremri enda sveifarbeins var mjög kurlaður og úr skorðum færður, þannig að um nokkurs konar liðhlaup í vinstri úlnlið var að ræða. Auk þess var fremsti þriðjungur sveifarbeinsins brotinn í fleyga. Þá sýndu rtg.myndir, sem teknar voru af mjaðmargrind og mjaðmarliðum, brot á bæði efri og neðri álmu vinstra lífbeins. Nokkurt misgengi var einnig í brotinu í efri álmunni. Gert var með aðgerð að brotinu á vinstra úlnlið með þeim hætti að stálteini var stungið í gegnum annan handarbakslegginn (os metacarp. II), hins vegar var pinna stungið í gegnum sveifarbeinið ofan við brotsvæðið. Með þessari aðferð tókst að ná sæmilegri legu í brotið, en þó mun liðflötur á fremri sveifarendanum vera all-ósléttur og var ekki unnt við því að gera. Maðurinn var síðan gífsaður til að brotin færðust ekki úr skorðum.

Vegna mjaðmargrindarbrotsins lá slasaði í rúminu í einn mánuð. Hann hafði um skeið veruleg óþægindi frá brotinu á lífbeininu, er hann hreyfði sig í rúminu. Þá lék einnig grunur á, að eitthvað hefði losnað um festinguna milli spjaldhryggs annars vegar og vinstra mjaðmarspaða hins vegar. Þetta hefur þó ekki tekist að sýna fram á.

Slasaði veiktist á sl. sumri af briskirtils- og gallsjúkdómi. Er erfitt að sjá að kvillar þeir komi inn í mynd þessa slyss.

Við skoðun kemur fram að hreyfingar í öllum liðum vinstri handlims eru eðlilegar, þegar vinstri úlnliður er undanskilinn. Hreyfingar í vinstri úlnlið eru skertar í allar áttir. U.þ.b. 15-20 vantar enn á fulla flexio í vinstri úlnlið og ca. 5 á sveigju í ölnarátt og sveifarárt (ulnar deviatio et radial deviatio). Þá vantar nokkuð upp á hverfihreyfingu í vinstri framhandlegg. Lítilsháttar rýrnun kemur fram á vöðvum vinstra framhandleggs og einnig á vöðvum vinstri handar. Telja verður líklegt, að þessi rýrnun gangi síðar meir til baka, þegar eðlileg áreynsla verður á vinstri handlim slasaða.

Engin hreyfiskerðing virðist vera í vinstri axlarlið, en eins og áður greinir kvartar slasaði um óþægindi frá þeim lið. Ekki verður séð að nein bólg sé um vinstri úlnlið. Hreyfingar í öllum liðum ganglima virðast eðlilegar og ekki er hægt að greina missmíði yfir os pubis eða annarsstaðar á grindar-svæði. Engin bólg er um vinstri ganglim og ekki verður séð annað en að blóðrás sé þar eðlileg.

Eins og áður greinir vantar verulega á að fullur hreyfiferill sé um vinstri úlnlið. Þá eru kraftar minnkaðir í vinstri hendi, mælt með manometer. Slasaði er þó réttthendur og ávallt er erfitt að reiða sig á mælingar sem þessa. Engin neurologis brottfalleinkenni koma fram. Blóðrás virðist eðlileg í vinstri hendi og handlim.

Líklegt má telja, að ótímabærar slitgigtarbreytingar komi fram um vinstri úlnlið. Í hve miklum mæli þær slitgigtarbreytingar kunna að verða eða hvenær þær kunna fram að koma verður nú ekki með neinni vissu sagt.

Þó er vafalítið, að slasaði mun á komandi tíð eiga í erfiðleikum með að sinna sínu fyrra starfi sem trésmiður, a.m.k. hluta þess starfs. Engin einkenni koma nú fram frá mjaðmargrind eða mjóhrygg, en ekki er útilokað að slíkt kunni fram að koma síðar meir. Ekkert verður þó fullyrt um það á þessu stigi. Þannig er hugsanlegt að síðar meir verði að endurmeta örorku slasaða vegna afleiðinga áður nefnds slyss.

Þar sem ekki þykir nú líklegt að um frekari bata á afleiðingum áður nefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tíma- bundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	20%

Af hálfu stefnda er örorkumatinu mótmælt sem of háu.

Stefnandi hefur lagt fram útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar um fjárhæð taps áætlaðra vinnutekna stefnanda, hinir fyrri dagsettir 11. janúar 1982 og hinir síðari dagsettir 27. f.m., en þar segir svo um forsendur og niðurstöðu:

„Bogi Helgason varð fyrir vinnuslysi 2. október 1980 og slasaðist á vinstri handlegg. Hann er fæddur 28. apríl 1939 og hefur því verið 41 árs á slysdegi.

Björn Önundarson læknir hefur í örorkumati dags. 8. nóvember 1981 metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	20%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Boga voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið þessar:

Árið 1977	gkr. 3.028.010
Árið 1978	gkr. 3.834.663
Árið 1979	gkr. 4.885.663

Þegar tekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga koma út árstekjur 592.500,00 nýkr. miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Tekju- tap</i>
1. árið eftir slysið	126.700,00	64.000,00
2. árið eftir slysið	191.400,00	38.300,00
3. árið eftir slysið	297.400,00	59.500,00
4. árið eftir slysið	380.600,00	76.100,00
5. árið eftir slysið	501.300,00	100.300,00
Síðan árlega	592.500,00	118.500,00

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 48.100,00
Vegna varanlegrar örorku	kr. 697.900,00
Samtals	kr. 746.000,00

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru fram að útreikningsdegi 27. nóvember 1985 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum (35% frá slysdegi til 31/5 1981, 34% frá 1/6 1981 til 31/10 1982, 42% frá 1/11 1982 til 20/9 1983, 35% frá 21/9 til 20/10 1983, 32% frá 21/10 til 20/11 1983, 27% frá 21/11 til 20/12 1983, 21,5% frá 21/12 1983 til 20/1 1984, 15% frá 20/1 1984 til 12/8 1984, 17% frá 13/8 til 31/12 1984, 24% frá 1/1 til 10/5 1985 og 22% frá 11/5 1985). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 og 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindaförföllum, bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eða skatta.”

Svo sem fyrr er greint mótmælir stefndi framlögðu örorkumati sem of háu og sömuleiðis örorkutjónsútreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar. Hann færir fram þessu til rökstuðnings, að upplýst sé að stefnandi hafi aflað sér hærri tekna eftir slysið, en gert sé ráð fyrir í útreikningum, enda beri stefnandi í yfirheyrslum, að hann hafi lengst af verið í fullu starfi og vinni nú í uppmælingu.

Fari svo, að stefnanda verði dæmdur einhver bótaréttur og eitthvert mið verði haft af fyrirliggjandi útreikningum, bendir stefndi á, að þá beri að meta til verulegrar lækkunar bóta hagræði af eingreiðslu og skattahlunnindum. Ennfremur beri að draga frá greiðslur úr lögboðinni og sammingsbundinni slysatryggingu, hinar fyrrnefndu frá metnu nettóörorkutjóni fyrir skiptingu sakar, en hinar síðarnefndu eftir sakarskiptingu. Í báðum tilvikum ætti að framreikna fjárhæð þessara greiðslna í samræmi við verðlagsþróun frá greiðslu þeirra, þannig að hlutfall útreiknaðs örorkutjóns á hverjum tíma og greiðslanna haldist. Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu

stefnanda varðandi örorkubætur og því, að miskabætur ákvarðist eftir verðlagi við dómsuppsögu.

Af hálfu stefnanda er rökstuðningi stefnda varðandi ofangreind atriði vísað á bug.

Eigi verður talið, að örorkumati Björns Öndarsonar yfirlæknis hafi verið hnekkt né útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á grundvelli þess. Verða því nefndir útreikningar lagðir til grundvallar ákvörðun örorkubóta. Við þá ákvörðun verður að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Þá verður og haft í huga hvenær stefnandi fékk sammingsbundnar slysabætur og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi eingreiðslna. Þá verður litið til þess hverjar tekjur stefnandi hefur haft í raun frá slysegi.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, og annað það sem fram er komið og þýðingu telst hafa, þykja örorkubætur hæfilega ákveðnar kr. 230.000,00.

Að framan er rakin sjúkrasaga stefnanda og áverkum hans lýst og afleiðingum þeirra. Þegar þetta er virt og það sem annars þykir skipta máli þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 50.000,00.

Samkvæmt því sem nú er sagt telst tjón stefnanda nema samtals kr. 280.000,00 og ber að dæma stefnda til að greiða 2/3 þeirrar fjárhæðar eða kr. 186.667,00 með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 34.000,00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni dómara samkvæmt umboðsskrá og meðdómendunum Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara og Sigurði R. Halldórssyni byggingatæknifræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Húsgagnaverslun Axels Eyjólfsssonar h/f, greiði stefnda, Boga Helgasyni, kr. 186.667,00 með 35% ársvöxtum frá 2. október 1980 til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1985, en með dómvöxtum sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 34.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.